

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

sent með tölvupósti á: [nefnadasvid@althingi.is](mailto:nefnadasvid@althingi.is)

Reykjavík, 29. mars 2023

### Umsögn Landverndar um tillögu til þingsályktunar um eignarhald í laxeldi, 122. mál.

Landvernd hefur kynnt sér þingsályktun ásamt greinargerð sem liggur fyrir. Stjórn Landverndar bendir í þessu sambandi á skýrslu ríkisendurskoðunar<sup>1</sup> um alvarlega stöðu stjórnsýslu í sjókvíaeldi og yfirlýsingu sína þar um<sup>2</sup> sem og fyrri umsagnir sínar um strandsvæðaskipulag<sup>3</sup> og um skýrslu Boston Consulting Group um framtíð eldis á Íslandi<sup>4</sup>.

Stjórn Landverndar telur skynsamlegt að banna frekari vöxt á fiskeldi í sjókvíum þar til endurbótum á lögum og reglum er lokið og gerð hefur verið ítarleg úttekt á áhrifum þessarar starfsemi á lífríkið við strendur landsins. Ef niðurstaða rannsókna staðfestir víðtæk neikvæð umhverfisáhrif eins og allt bendir nú til, er sjálfgefið að fyrirliggjandi starfsleyfi verði ekki endurnýjuð þegar að því kemur.

Hugmyndir um skipan sérstaks starfshóps til að leggja fram tillögur um "eignarhald á fiskeldi" fellst að mati Landverndar viðurkenning tillöguhafa á þeim gríðarlegu brotalómum sem stjórnvöld hafa látið meðvitað viðgangast. Stjórn Landverndar telur að sú úttekt sem líst er eftir í tillögunni þurfi að vera mun ítarlegri. Horfa þarf til mikilvægari þátta og áskorana sem íslenskri náttúru og samfélagi stafar nú af vegna vaxandi fiskeldis. Þessi starfsemi er þessa eðlis að rík ástæða er að óttast að hún hafi verulega neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni hér við land með miklu álagi á lífríki fjarða sem og sjúkdómum og útrýmingu á villtum laxastofnum. Mögulegt tjón vegna fiskeldis í opnum sjókvíum á innlendri atvinnustarfsemi meðal landeigenda og veiðiréttarhafa laxveiðijarða ætti að vera öllum ofarlega í huga eftir í ljósi nýlegra skýrslna og bóka um þetta efni.

Fiskeldi byggir á leyfum til nýtingar en ekki eignarhaldi eins og gefið er til kynna í tillögunni. Úthlutun svæða til fiskeldis byggir ekki á eignarhaldi viðkomandi svæða – þær úthlutanir geta af ýmsum ástæðum verið afturkallaðar meðal annars vegna umhverfisþátta og óábyrgrar umgengni og endurtekinna brota á leyfum sem þegar er sýnt að hefur átt sér stað. Í Noregi eru fiskeldisleyfi seld, þar mynda þau eignarrétt

<sup>1</sup> [Fréttir > Stjórnsýsla og eftirlit með sjókvíaeldi veikburða og brotakennt \(rikisendurskodun.is\)](#)

<sup>2</sup> [Frekara sjókvíaeldi á Íslandi verði bannað - Landvernd](#)

<sup>3</sup> [Strandsvæðaskipulag um fiskeldi á Austfjörðum - Landvernd](#)

<sup>4</sup> [Draumórar um óheftan vöxt fiskeldis - Landvernd](#)

og sterkari réttarstöðu. Því er hinsvegar ekki fyrir að fara hér á landi. Því miður er vandséð er hvernig matvælaráðherra getur beitt sér með stofnun á sem á að finna lausn á þeim mistökum sem gerð voru með lögum um fiskeldi sem tóku gildi 2019 um þetta einangraða málefni. Það er ljóst er að öll umgjörð fiskeldis þarfnast endurskoðunar. Stjórn Landverndar fagnar því ef stjórnvöld sem áður kusu að hafa að engu aðvörunarorð gríðarlegs fjölda einstaklinga og félagasamtaka ásamt hagsmunaaðila annarra í landinu, sýnir vilja til að bregðast við mistökunum fortíðarinnar. Fiskeldisgreinin hefur í dag bæði slæma ímynd og orðspor. Skoðanakönnun bendir til þess að 61% þjóðarinnar séu andvíg fiskeldi í opnum sjókvíum, 51% þjóðarinnar vill banna sjókvíaeldi með öllu. Þá hefur komið fram að 75% íbúa Seyðisfjarðar sem hafa harðlega mótmælt sjókvíaeldi í firðinum sínum. Það er ástæða til að óttast að þjóðin geti setið uppi með umhverfisskaða vegna fiskeldis í opnum sjókvíum í nær því öllum fjörðum fyrir austan og vestan. Fórnarkostnaður á þessari auðlind okkar sem lífríkir firðir hafa upp á að bjóða gæti því orðið gríðarlegt og þegar öll kurl koma til grafar gæti reynst nauðsynlegt að afturkalla öll leyfi til fiskeldi í opnum sjókvíum hér við land. Það myndi valda mikilli röskun í byggðalögum þar sem þessi starfsemi hefur komið sér fyrir.

Á sama tíma og þingsályktunartillagan kemur til umsagnar hefur Innviðaráðherra staðfest strandsvæðaskipulag sem virðist ekki samrýmanlegt við fjarskipta-, siglinga- og vitalög. Með þessar undirskrift er fiskeldi í opnum sjókvíum fest í sessi í öllum fjörðum á Aust- og Vestfjörðum þar sem forsendur eru fyrir laxeldi. Ekki skorti á umsagnir um vankanta þess við undirbúning sem því miður var ekki tekið tillit til og svo virðist sem stjórnvöld hafi fyrst og fremst verið umhugað um að skapa frekari sóknarfæri fyrir þau þrjú fyrirtæki sem stunda sjóðkvíaeldi hér við land. Landvernd vill að þessu tilefni lýsa yfir vonbrigðum óháð fyrirséðri samþjöppun með þá stöðu sem upp er komin hér á landi varðandi þróun fiskeldis í opnum sjókvíum. Það sem er dapurlegt við framlagningu þessarar þingsályktunartillögu er að hún lýsir fyrst og síðast gríðarlega óvandaðri stjórnsýslu þar sem neitað hefur verið til þessa dags að horfa á rót vandans.

Stjórn Landverndar vill nota tækifærið til að benda á þá alvarlegur árás á lýðræðið sem átti sér stað í október 2018 þegar Alþingi samþykkti á örfáum dögum án faglegrar umræðu útgáfu á bráðabirgðaleyfum fyrir fiskeldisfyrirtæki sem ekki höfðu farið í umhverfismat. Þau ólög eru enn í gildi þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um að lögin brjóti í bága við EES-saminginn. Allar tilraunir stjórnvalda á þeim fimm árum sem liðin eru frá lagasetningunni til þess að svara ESA hafa ekki verið haldbær og frumvörpin sem hafa verið lögð fram sem svar hafa miðað að því að festa brotin á EES-samningnum í sessi, með það eina markmið að tryggja fyrirtækjum áframhaldandi frípassa í gegnum umhverfismatsferli<sup>5</sup>.

Að lokum hvetur stjórn Landverndar þingmenn að ígrunda vel þær skýrslur sem fram hafa komið vegna fiskeldis í sjókvíum og taka til umræðu heilstæð viðbrögð við þeim áfellsdómum sem í þeim felast.

---

<sup>5</sup> [Bréf til ráðherra vegna brota á reglum um umhverfismat - Landvernd](#)  
[Íslenska ríkið brotlegt við EES-reglur um mat á umhverfisáhrifum - Landvernd](#)  
[Höfnum lögum sem virða lítils rétt almennings og náttúru Íslands - Landvernd](#)  
[Fréttatilkynning: ESA segir íslenska ríkið og ráðherra brotlega - Landvernd](#)



Landvernd telur nauðsynlegt að banna frekari vöxt á fiskeldi í sjókvíum þar til endurbótum á lögum og reglum er lokið og gerð hefur verið ítarleg úttekt á áhrifum þessarar starfsemi á lífríkið við strendur landsins. Ef niðurstaða rannsókna staðfestir viðtæk neikvæð umhverfisáhrif er sjálfgefið að fyrirbyggjandi starfsleyfi verði ekki endurnýjuð þegar að því kemur.

*Með vinsemd og virðingu  
f.h. stjórnar Landverndar*

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri